



Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1133
komudagur 21.2.2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Skagafjörður, 21. febrúar 2014
nr. erindis 1402259 HSB

Á 652. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 20. febrúar 2014 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996 (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna.)

Svofelld bókun var gerð:

Lagt fram þingskjal 459, 251. mál á 143. löggjafarþingi Alþingis 2013-2014. Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur) og og frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði, þingskjal 458 - 250. mál.

Stefán Vagn Stefánsson vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, þingskjal 459 - 251. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar horfir til þessa máls, þ.e. endurskipulagningar á skipan lögreglumála í landinu, í samhengi við fyrirhugaðar breytingar á skipan sýslumannsembætta sbr. þingskjal 458 - 250. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar leggur mikla áherslu á að horft sé til Norðurlands vestra sem eins stjórnarsýslu- og þjónustusvæðis og fagnar því að gert sé ráð fyrir þeirri skipan í frumvarpinu. Byggðarráð er fylgjandi meginmarkmiði frumvarpsins um eflingu lögreglunnar og tekur undir fagleg og fjárhagsleg sjónarmið sem sett eru fram í frumvarpinu. Byggðarráð leggur hins vegar mikla áherslu á að haft verði samráð við sveitarfélögin um málefni lögreglunnar, og starfsemi og þjónustu lögreglustöðva. Byggðarráð bendir á að meirihluti íbúa Norðurlands vestra er staðsettur í Skagafirði, þar er atvinnulíf svæðisins öflugast og mikilvægt að



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349 • Vasknr: 60077

samskipti við ríkisvaldið séu greið. Þá er Héraðsdómur Norðurlands vestra staðsettur á Sauðárkróki.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar



Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari